

Námskeið í Píanóleik

Verður haldið í Tónskóla Sigursveins, Reykjavík

28. maí- 7. júní 2007

Námskeiðið er ætlað nemendum frá miðstigi til háskólastígs.

Ádaláhersla verður lögð á góða tækni og slökun í píanóleik.

Fyrirlestur, einkatímar og hóptímar.

Leiðbeinandi: Anna Málfríður Sigurðardóttir píanóleikari



Anna Málfríður Sigurðardóttir útskrifaðist sem einleikari og kennari frá Guildhall School of Music and Drama, London árið 1971, en hún stundaði síðan nám hjá prófessor Brigitte Wild til ársins 1974. Prófessor Wild var fyrrum nemandi hins heimskunna píanóleikara Claudio Arrau og miðlaði þeirri tækni, sem hann þróaði og byggir m.a. á slökun og eðlilegri notkun þyndaraflsins í píanóleik. Frá 1974 hefur hún starfað sem píanókennari og píanóleikari, bæði á Íslandi og erlendis, nú síðast við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Síðustu ár hefur hún í auknum mæli verið leiðbeinandi á námskeiðum í píanóleik. Jafnframt kennslustörfum hefur Anna haldið tónleika víðsvegar og komið fram bæði í kammertónlist og sem einleikari, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Trier.

Nánari upplýsingar um tilhögun námskeiðsins, kostnað og innritun veitir:

Anna Málfríður Sigurðardóttir

Sími: 551-1085; GSM: 862-4764. Netfang: annams@ismennt.is